

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Ár 2016, föstudaginn 15. apríl, var haldinn 154. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. í Skógarhlíð 14 og hófst hann kl. 08.00. Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Líndal Haraldsson og Haraldur Sverrisson. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri, og Bjarni Kjartansson, sviðsstjóri forvarnasviðs. Margrét María Leifsdóttir af forvarnasviði sat fundinn undir lið 3. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður. Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Lóð fyrir nýja slökkvistöð
Slökkviliðsstjóri kynnti tillögur að staðsetningum á nýrri slökkvistöð SHS, sem koma skal í stað stöðvarinnar við Tunguháls.
Afgreiðsla: Slökkviliðsstjóra falið að eiga viðræður við vegagerðina um vega-framkvæmdir á svæðinu.
2. Samningar um sjúkraflutninga og mönnun SHS
Farið var yfir helstu ákvæði núgildandi samnings um sjúkraflutninga í samanburði við samkomulagsgrundvöll frá febrúar 2013 og mönnun SHS frá 2010 til dagsins í dag.
Afgreiðsla: Kynning.
3. Brunavarnir í leik- og grunnskólum
Margrét María fór yfir skoðanir forvarnasviðs á eldvörnum í leik- og grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2014 og 2015.
Eftirfarandi lagt fram:
 - Forvarnir í leik- og grunnskólum 2014 og 2015, dags. í apríl 2016.Afgreiðsla: Kynning.
4. Óleyfisíbúðir
Slökkviliðsstjóri kynnti ferli innheimtu dagsektamáls.
Afgreiðsla: Kynning.
5. Önnur mál
 - 5.1 Fræðsla fyrir neyðarstjórnir.
Sagt frá fyrirhuguðum fræðslufundum á vegum vinnuhóps neyðarstjórna á höfuðborgarsvæðinu um hlutverk sveitarfélaganna á svæðinu.
Afgreiðsla: Kynning.
 - 5.2 Fjarskiptamál neyðarstjórna.
Tillaga um að neyðarstjórnir sveitarfélagana taki upp Tetra sem neyðar- og öryggiskerfi og það á grundvelli almannavarna höfuðborgarsvæðisins.
Afgreiðsla: Samþykkt.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 20. maí 2016.

Fundi slitið klukkan 09:15

Dagur B. Eggertsson
Ásgerður Halldórsdóttir
Haraldur Sverrisson

Gunnar Einarsson
Ármann Kr. Ólafsson
Haraldur L. Haraldsson

Fylgiskjöl:

- Forvarnir í leik- og grunnskólum 2014 og 2015, dags. í apríl 2016.